

Er ábyrgt að treysta á eitt lengsta hagvaxtarskeið
Íslandssögunnar?

Fjármálastefna hins opinbera fyrir árin 2017-2022

Efnahagssvið SA, janúar 2017



Fjármálstefna hins opinbera fyrir árin 2017-2022

- **Treyst á eitt lengsta hagvaxtarskeið sögunnar.** Nýframlögð fjármálstefna gerir ráð fyrir afgangi á rekstri hins opinbera, en verulega takmörkuðum og nánast innan skekkjumarka. Sést það t.a.m. á því hversu lítið má út af bregða í tekjuáætlunum hins opinbera til þess að sá litli afgangur sem fyrirhugaður er á næstu árum snúist í umtalsverðan halla. Er það sérstaklega mikið áhyggjuefni vegna þeirrar alvarlegu skuldastöðu sem enn blasir við en opinberar skuldir eru tvöfalt hærrí nú en þær voru í aðdraganda bankakreppunnar síðustu.
- **Trú á áframhaldandi hagvöxt virðist orðin meginstoð í opinberum rekstri.** Allar áætlanir opinberra aðila virðast ganga út frá því að núverandi hagvaxtarskeið verði langsamlega lengsta uppsveifla Íslandssögunnar. Er það í senn óraunhæft og óábyrgt því þessi efnahagsuppsveifla mun enda taka líkt og allar þær sem á undan henni komu.
- **Hið opinbera á Íslandi nú þegar eitt hið umsvifamesta meðal þróaðra ríkja.** Eitt af því sem stjórnvöld hafa leyft sér í skjóli mikils hagvaxtar er að auka opinber útgjöld markvert. Vissulega var í kjölfar efnahagskreppunnar þörf á fjármunum til ýmissa verkefna en útgjaldavöxturinn undanfarin ár hefur verið meiri en eðlilegt getur talist og er svo komið að nánast hvergi meðal þróaðra ríkja eru opinber útgjöld eins hátt hlutfall af landsframleiðslu. Oft er deilt á ófyrirhyggni og umframkeyrslu árin fyrir bankahrún en útgjaldaaukning síðustu ár hefur verið umtalsvert meiri en þá var.
- **42 af hverjum 100 krónum sem verða til í verðmætasköpun á Íslandi er ráðstafað af opinberum aðilum.** Í stefnuræðu sinni hreykti forsætisráðherra sér af 8% útgjaldaaukningu í síðustu fjárlögum. Nýskipaður fjármálaráðherra lét einnig hafa eftir sér í viðtali við Viðskiptablaðinu að „Hrófla ekki við ríkisumsvifum“ og gaf því í skyn að sögulega umsvifamikið ríkisvald og eitt það stærsta meðal þróaðra ríkja væri eðlilegt fyrir Ísland. Allar skoðanir má hafa á umfangi hins opinbera í íslensku hagkerfi en áhyggjuefni er hversu fáar og hljómlitlar raddir um aga í opinberum rekstri eru orðnar á Alþingi Íslendinga þó ekki nema fyrir þær sakir að núverandi stefna er áhættusækin og óábyrg.
- **Skortur á framtíðarsýn og forgangsröðun.** Agi í fjármálum hins opinbera er ekki það sama og blóðugur niðurskurður í grunnstoðum velferðarsamfélagsins. Snýst aginn um virka forgangsröðun og betri nýtingu fjármuna. Forgangsröðunin er einföld en krefst pólitíks þreks. Sé vilji til að auka fjárveitingar til heilbrigðis- og menntamála ætti að vera hægur leikur að minnka útgjöld til annarra mála. Gefur það augaleið að þegar heildarútgjöld hins opinbera eru ein þau mestu meðal þróaðra ríkja er svigrúm til slíks fyrir fjárveitingavaldið.
- **Við getum gert betur.** Betri nýting fjármuna er margslungnari en þó margar leiðir vel framkvæmanlegar. Jákvætt er að stefnt er að því að opna bókhald ríkisins og auka þannig gagnsæi. Skoða þarf kosti sameininga og fjölbreytts rekstrarforms sem ekki kemur niður á aðgengi þeirra sem þurfa að nýta sér þá þjónustu sem hið opinbera sannarlega á að veita.
- **Sýnum ábyrgð.** Ekki er ábyrgt að eyða stjórnlítið á góðæristíma. Auk þess að ýta undir þenslu minnkar það svigrúm hins opinbera til þess að bregðast við efnahagslægð. Sé ætlunin að draga úr skattálögum á almenning er einnig ljóst að útgjaldavöxtinn þarf að hemja. Þú eyðir ekki sömu krónunni tvisvar.

Kunnugleg viðvörðunarljós á góðæristímum

INNLENT 7. desember 2016 14:15

Útgjöld ríkisins aukast umfram tekjur

Aukning frumútgjalda ríkisins hefur verið umfram aukningu frumtekna þess frá árinu 2006 og mun sú þróun halda áfram til 2021.

Samkomulag um aukin útgjöld upp á 12 milljarða á næsta ári

• INNLENT | 18:44 | 21. DESEMBER 2016

11. des. 2015

Fjárlög 2016: Yfirboð á Alþingi

Slökun á aðhaldi ríkisfjármála þrjú ár í röð

Útgjöld hins opinbera aukast í takt við tekjuaukningu

Forystumenn í íslensku atvinnulífi mættu í Eldlínuna í kvöld:

Fyrirtækin: Vandinn er hátt vaxtastig

- Samfara auknum tekjum hefur slaki myndast í fjármálum hins opinbera. Er það kunnuglegt stef sem áður hefur komið okkur um koll.
- Ábyrg hagstjórn er forsenda þess að viðhalda hér efnahagslegum stöðugleika. Stjórnvöld verða að halda aftur a eyðslu sinni og hugsa til lengri tíma.


Nálgast ójafnvægi ársins 2006

Krónan hefur styrkst um 15% á árinu og 13% frá því í mars. Sterkar vísbendingar eru fyrir því að gengið haldi áfram að styrkjast næstu mánuðina.

Raungengi íslensku krónunnar ekki verið hærra síðan 2008


Afkoma hins opinbera hefur verið neikvæð þrátt fyrir mikinn hagvöxt. Ekki hefur því tekist að nýta uppsveifluna síðustu ár til að búa í haginn.

- Þrátt fyrir mikinn hagvöxt undanfarin ár var enn halli á rekstri hins opinbera árið 2015.



Heimild: Hagstofa Íslands


- Sterkur hagvöxtur frá 2011 þótt við séum enn langt frá hæstu hæðum síðustu uppsveiflu. Ekki hefur því tekist að nýta uppsveifluna til að búa í haginn.



Heimild: Hagstofa Íslands

Fjármálastefna hins opinbera: Afgangur byggist á því að þetta verði lengsta hagvaxtarskeið sögunnar


- Nýlega var tillaga til þingsályktunar um fjármálastefnu hins opinbera fyrir árin 2017-2022. Í henni er gert ráð fyrir samfelldum hagvexti út tímabilið en verði það raunin mun það verða lengsta hagvaxtarskeið í nútímasögu Íslands. Að því sögðu er eðlilegt að fyrirvarar séu gerðir við áætlanir sem hvíla á jafn bjartsýnum forsendum.



Fjármálastefna hins opinbera: Gert er ráð fyrir afgangi af rekstri, en lítið má út af bregða.

- Til marks um hversu lítill afgangur er fyrirhugaður og að hve miklu áætlanir um hallalausan ríkissjóð hvíla á áframhaldandi hagvexti þá sýnir myndin hér að neðan þróun afkoma hins opinbera m.v. það að hagvöxtur verði prósentustigi minni en gert er ráð fyrir í áætlunum. Ekki þarf mikið útaf að bregða til að mikill halli verði á rekstri ríkissjóðs.



Afkoma hins opinbera miðað við mismunandi forsendur um hagvöxt



Ríkisfjármálin eru sama marki brennd, útgjöld vaxa hraðar en á síðasta þensluskeiði.

- Fjárlög ársins 2017 voru samþykkt fyrir síðustu áramót með litlum afgangi miðað við mikinn tekjuvöxt ríkissjóðs og þær þungu skuldir sem enn hvíla á ríkinu. Nýframlögð fjármálstefna gerir ráð fyrir að afgangur á ríkisrekstri verði í kringum 1% af landsframleiðslu fram til ársins 2022.

- Mikill tekjuvöxtur hefur skapað rými til aukinna útgjalda. Nú er svo komið að útgjöld hafa verið aukin markvisst á undanförunum árum og mun meira en í síðustu uppsveiflu árin fyrir hrun.




Umframkeyrsla er viðtekin venja. Ef fram fer sem horfir stefna útgjöld hærra en í síðustu uppsveiflu.


- Útgjöld ríkisstofnana umfram fjárheimildir fjárlaga eru viðtekin venja. Raunar er það svo að þegar þingið tekur til umræðu fjárheimildir ríkisstofnanna eru þær auknar um nokkrar prósentur.

- Meðalaukning útgjalda frá framlagningu frumvarps til endanlegrar niðurstöðu ríkisreiknings var um 7% árin 2010-2015. Verði sami háttur á árið 2017 má gera ráð fyrir því að útgjöld ríkissjóðs nemi um 31% af vergri landsframleiðslu og verði töluvert meiri en áður.

Vísitala ríkisútgjalda frá fjárlagafrumvarpi til ríkisreiknings
- meðaltal árunna 2010-2015




Heildarútgjöld ríkissjóðs
- % af VLF



Hið opinbera er skuldsethari nú en á síðasta þensluskeiði. Áform stjórnvalda byggja á niðurgreiðslu skulda með ráðstöfun stöðugleikaframlaga og arðgreiðslna

- Núverandi áætlun gerir ráð fyrir að skuldir haldist hærra hlutfall af landsframleiðslu en í síðustu uppsveiflu og því auðséð að meira verður að koma til. Við bætist að ekkert er i hendi með ráðstöfun fjármuna til skuldalækkunar.

Skuldir hins opinbera sem % af landsframleiðslu



Ný lög um opinber fjármál stuðla vonandi að auknum aga í fjármálastjórn hins opinbera.


- Alþingi á hrós skilið fyrir ný lög um opinber fjármál. Í þeim felst viðleitni til þess að koma böndum á opinberan rekstur, hemja útgjaldaaukningu á uppgangstímum og auka þannig svigrúm ríkissjóðs til að bregðast við efnahagsáfallum.
- Slíkar reglur hafa verið teknar upp í nágrannaríkjunum og vekja vonir um aukinn aga og ábyrgð í fjármálastjórn hins opinbera.
- Horft til síðustu fjögurra ára þá hafa ríkisútgjöld vaxið umfram útgjaldaviðmið sem sett er fram í núverandi fjármálastefnu að undanskildu einu ári. Það er vonandi að auknum aga verði framfylgt samfara þeim breytingum sem nú eiga sér stað í fjármálastjórn hins opinbera.

Fjármálastefna hins opinbera 2017-2022

	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Hlutfall af vergri landsframleiðslu, %						
Hið opinbera, A-hluti						
Heildarafkoma	1,0	1,6	1,6	1,5	1,4	1,3
þar af ríkissjóður, A-hluta	1,0	1,5	1,4	1,3	1,2	1,1
þar af sveitarfélög, A-hluta	0,0	0,1	0,2	0,2	0,2	0,2
Skuldir*	37	34	30	28	27	26
þar af ríkissjóður, A-hluta	31	28	24	23	22	21
þar af sveitarfélög, A-hluta	5,9	5,8	5,5	5,2	5,0	5,0
Opinberir aðilar í heild						
Heildarafkoma	0,5	1,6	2,1	2,5	2,4	2,3
þar af hið opinbera, A-hluta	1,0	1,6	1,6	1,5	1,4	1,3
þar af fyrirtæki hins opinbera	-0,5	0,0	0,5	1,0	1,0	1,0
Skuldir*	59	55	50	47	45	43
þar af hið opinbera, A-hluta	37	34	30	28	27	26
þar af fyrirtæki hins opinbera	22	21	20	19	18	17

* Heildarskuldir, að frátöldum lifeyrisskuldbindingum og viðskiptaskuldum og að frádregnum sjóðum og bankainnstæðum, sbr. 7. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál.


Útgjaldavöxtur ríkisins: Umfram viðmið í þrjú ár af fjórum - nafnvöxtur að frádregnum vaxtagjöldum



Útgjöld hins opinbera eru nánast hvergi meiri en á Íslandi. Í núverandi fjármálstefnu stjórnvalda eru engin áform um að draga úr opinberum umsvifum og er gert ráð fyrir að þau verði nokkuð svipuð að umfangi árið 2022.


42 af hverjum 100 krónum sem verða til í verðmætasköpun á Íslandi er ráðstafað af opinberum aðilum

Útgjöld hins opinbera árið 2014, leiðrétt fyrir ellilífeyri og atvinnuleysisbótum
- sem % af VLF



Mikil útgjöld takmarka svigrúm til að minnka álögur á bæði einstaklinga og fyrirtæki. Stefna stjórnvalda að virðist sú að Ísland verði áfram eitt mesta háskattaríkið innan OECD.

Heildarskatttekjur árið 2015, sem hlutfall af VLF
Leiðrétt fyrir greiðslum til almannatrygginga¹



¹ Árið 2014 fyrir Ástralíu, Japan og Pólland

Að lokum: Umfang hins opinbera er nær hvergi meira en á Íslandi - opinber útgjöld hafa vaxið hratt og afkoman er óásættanleg miðað við þann mikla efnahagsuppgang sem verið hefur


1



Neikvæð afkoma

- Hagvöxtur er mikill á Íslandi
- Afkoma hins opinbera hefur verið neikvæð síðustu ár þrátt fyrir mikla tekjuaukningu
- Auka þarf afgang af opinberum rekstri og nýta góða tíma til að búa í haginn fyrir þá verri


2



Óábyrgar áætlanir

- Stjórn opinberra fjármála er óábyrg á Íslandi
- Tekju- og útgjaldaáætlanir til næstu ára treysta á að þetta verði lengsta hagvaxtarskeið Íslandssögunnar og má lítið út af bregða til að illa fari
- Gera verður varfærnari langtímaáætlanir og draga úr útgjaldavexti á góðæristímum.


3



Skuldsett

- Opinberar skuldir eru miklar á Íslandi og þó áætlanir geri ráð fyrir ráðstöfun stöðugleikaframlaga og arðgreiðsla til skuldalækkunar munu þær áfram verða meiri en á síðasta þensluskeiði.

4



Háskattaland

- Ísland er háskattaland enda eru útgjöld hins opinbera óvíða meiri en hér
- 42 af hverjum 100 krónum sem verða til í verðmætasköpun á Íslandi er ráðstafað af opinberum aðilum

Efnahagssvið SA

Ásdís Kristjánsdóttir
Forstöðumaður efnahagssviðs
asdis@sa.is
sími: 591-0080

Óttar Snædal
Hagfræðingur á efnahagssviði
ottar@sa.is
sími: 591-0082

Tryggvi Másson
Viðskiptafræðingur á efnahagssviði
tryggvi@sa.is
sími: 591-0000



@atvinnulifid



@atvinnulifid



@efnahagssvidSA